

Ed.

84. Frumvarp

til laga um breyting á 26. gr. 1. lið í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907,
um laun sóknarpresta.

Eins og það var samþykkt við 2. umræðu í Ed.

1. liður 26. gr. í lögum nr. 46, 16. nóvbr. 1907, um laun sóknarpresta
orðist þannig:

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu
fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.

Verði engar breytingar á sóknaskipun í prestakalli samkv. prestakalla-
skipunarlögunum, þá má presturinn kjósa um að fá launaupphæðina eftir eldri
reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama rétt hafa prestar í þeim prestaköllum,
þar sem kostur er á að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt í lögunum,
gangi presturinn að þeim breytingum. Enn fremur hafa allir prestar þennan
rétt, sem orðnir eru 60 ára að aldri.